

Veitingatilboð



Stór ostborgari

franskar, lítið prins póló og gosglas

1.649 kr.



Steikarsamloka

franskar og gosglas

1.895 kr.



Ostborgari

og 0,5 l coke í plastflösku

949 kr.

Sjónaukinn

5. tbl 31. árg
03. - 09. feb 2016

Útg. Umf. Kormákur
Ábm. Pétur Arnarsson



Netfang: sjonaukinn@simnet.is Uppl. í síma 8482017

Þorrablót

61. Þorrablót Umf. Kormáks verður haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga Laugardaginn 6. febrúar og hefst klukkan 20:00. Húsið opnar klukkan 19:30.

Aðgangseyrir er kr. 7.500.

Maturinn verður í höndum Kræsinga frá Borgarnesi.

Hljómsveitin Móðurskipið sér um dansleikinn. Meðlimir hljómsveitarinnar eru fyrrum dansleikja-armur Hvanndalsbræðra.


Miðasala hefst þriðjudaginn 2. febrúar kl. 20:00 í aðstöðu Umf. Kormáks að Höfðabraut 6, efri hæð.

Posi verður á staðnum.

Eftir þriðjudaginn 2. febrúar verður hægt að kaupa miða hjá Jóhönnu og Hödda í pakkhúsinu.



Tökum kvöldið frá og fjölmönnum á þessa frábæru skemmtun!
Umf. Kormákur



Útsala

**20% afsláttur af öllum fatnaði
í kjörbúð í febrúar.
30-50% afsláttur af völdum
fatnaði**

Kaupfélag Vestur Húnavetninga sími 455-2300



***Foreldrar/forráðamenn iðkenda,
félagsmenn og aðrir velunnarar***

Umf. Kormákur auglýsir eftir sjálfboðaliðum
til að vinna á þorablóti félagsins.
Áhugasömum er vinsamlegast bent á að hafa
samband við Ingunni í s. 869-5279.

**dósir og flöskur - dósir og flöskur -
dósir og flöskur**

**Hestafimleika krakkarnir verða á
ferðinni á Hvammstanga og
Laugarbakka,
þriðjudaginn 8. feb eftir kl. 17.30 til
að safna dósum og flöskum (ef
veðrið leyfir).**

**Allir sem vilja styrkja þau eru alltaf
hjartanlega velkomin
að koma
með pokana í saumastofu KIDKA alla
virkadaga frá kl 8-16 eða leggja inn á
reikninginn þeirra 0159-05-060210 kt.
5501800499 !**

***Auglýsingar verðaað hafa
borist fyrir kl. 21:00 á mánudagskvöldum***

**Vinsamlegast skilið auglýsingum inn
fyrir tilsettan tíma.**

Netfang: sjonaukinn@simnet.is

ÞORRABLÓT Í ÁSBYRGI

Þorrablót verður haldið í Ásborgi laugardaginn 13. febrúar 2016 og hefst það kl. 20:30. Húsið verður opnað kl. 20:00

Maturinn kemur frá Múlakaffi

Munið eftir diskum og hnífapörum. Gos selt á staðnum.

Hljómsveitin Span leikur fyrir dansi, aldurstakmark 16 ár.

Miðaverð 6.200 kr.

Tekið verður við pöntunum hjá neðangreindum aðilum og skal vera lokið eigi síðar en sunnudagskvöldið 7. febrúar.

Ella á Bergstöðum í síma 451-2940 eða 893-2940

Sigrún á Bjargshóli í síma 451-2631 eða 848-8554

Forsala á miðum í sæti verður fimmtudaginn 11. feb. frá kl. 16:00 til 18:00 í Félagsheimilinu Ásborgi.

Athugið ekki er posi á staðnum,
en hægt verður að greiða með peningum eða leggja inn á bankareikning 0159-05-60361, kt. 310852-2529 og koma þá með millifærslukvittun og afhenda í miðasölu.

Verðlaun í boði til þess sem kemur með besta seinnipartinn !

Heita vatnið hefur gert

húsin notalegrí

Skilist þegar forsala miða fer fram.

Góða skemmtun !

Nefndin

Melstaðakirkja



Kvöldmessa með
Taizé-tónlist
sunnudagskvöld 7.
febrúar kl. 20.30.

Þema kvöldsins er „Bæn fyrir sköpuninni”.
Samvera í safnaðarheimili á eftir.

Sóknarprestur

Dönsum í Nestúni!

Dönsum í Nestúni þriðjudaginn 9. febrúar, 2016,
kl. 20 til kl. 23, Bjössi og Benni sjá um fjörið.

Ekkert aldurstakmark, ALLIR velkomnir,
aðgangseyrir 1000 kr.

Eldri borgarar.

Störf hjá HVE á Hvammstanga

Starf aðstoðarmatráðs í eldhúsi:

Óskum að ráða starfsmann í 40 % fast starf aðstoðarmatráðs í eldhúsi. Um er að ræða dagvinnu virka daga og unnið aðra hverja helgi, vinnutími frá kl 8 - 16. Aðstoðarmatráður vinnur vaktir á móti yfirmanni eldhúss. Laun skv. kjarasamningi ríkisins og Kjalar. Ráðning frá 16. apríl n.k. eða eftir nánara samkomulagi.

Hæfniskröfur

Jákvæðni og góð samskiptahæfni
Snyrtimennska og stundvísi
Góð íslenskukunnátta

Starf lækna ritara á heilsugæslu:

Óskum að ráða lækna ritara í 70 % fast starf á heilsugæslu. Um er að ræða dagvinnu virka daga. Starfið felst í lækna ritara störfum auk afgreiðslu á móttöku. Laun samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Kjalar. Ráðning frá 16. apríl n.k. eða eftir nánara samkomulagi.

Hæfniskröfur:

- Starfsleyfi frá Embætti landlæknis sem lækna ritari
- Sjálfstæði, faglegur metnaður og frumkvæði
Jákvæðni og góð samskiptahæfni
Snyrtimennska og stundvísi

Fáist ekki lækna ritari kemur til greina að ráða starfsmann með góða menntun, mjög góða íslenskukunnátta og tölvufærni. Reynsla af ritara störfum, enskukunnátta og þekking á heilbrigðisþjónustu æskileg.

Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu HVE og senda þarf umsóknir á netfangið helga.hreidarsdottir@hve.is eða gudmundur.sigurdsson@hve.is. Nánari upplýsingar um starf lækna- og móttökuritara veitir Helga Hreiðarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur í síma 432 1300. Upplýsingar um starf í eldhúsi veitir Guðmundur Haukur Sigurðsson svæðisfulltrúi í síma 432 1300 eða 893 4378. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Bolluudag 8.febrúar í hádeginu 11:30 - 14:00 Kjötbollur og rjómaþolla + kaffi í eftirrétt verð kr 2.500. Venjulegt verð fyrir korthafa.

Bollur og kaffi á boðstólum allan daginn.

Sprengidagur 9.febrúar í hádeginu 11:30 - 14:00. Saltkjöt og baunir. Verð 2.800 kr. Venjulegt verð fyrir korthafa.

Borðapantanir í síma 451-3131

Verið velkomin.